



VINNUSKÓLI REYKJANESBÆJAR

SKÝRSLA 2004

Ragnar Örn Pétursson
Forvarnar-og æskulýðsfulltrúi

Inngangur

Vinnuskóli Reykjanesbæjar er vinnustaður fyrir unglunga á aldrinum 14 til 16 ára. Í flestum tilfellum er um að ræða fyrstu kynni unglunga af launaðri vinnu og því mikilvægt að vel takist til, því lengi býr að fyrstu gerð.

Í þessari skýrslu er reynt að koma inn á sem flest sem tengist Vinnuskólanum en óhætt er að segja að Vinnuskólinn sé með stærri atvinnurekendum á Suðurnesjum yfir sumarmánuðina.

Undirbúningur

Umsóknareyðublöðum var dreift til nemenda í maí. Með umsóknareyðublaðinu fylgdi upplýsingablað til foreldra eða forráðamanna nemendanna. Á þessu blaði voru upplýsingar um Vinnuskólann, tímabil hópa, laun og fleira. Þá var boðið upp á að sækja rafrænt um í Vinnuskólann. Hægt var að sækja um á upplýsingavef Reykjanesbæjar, en þeir sem höfðu ekki aðgang að Netinu gátu sótt um í tölvuverum skólanna og á Bókasafni Reykjanesbæjar.

Í marsmánuði var auglýst eftir yfirflokkstjórum og flokkstjórum. Á þessum tíma er erfitt að gera sér grein fyrir því hve margir unglingar muni sækja um vinnu í skólanum. Gert var ráð fyrir svipuðum fjölda unglunga og árið áður. Yfirflokkstjórar voru Erla Þorsteinsdóttir, Heiða Birna Guðlaugsdóttir og Haraldur Axel Einarsson. Anna Steinunn Jónasdóttir var ráðin til að sjá um skrifstofu Vinnuskólans sem staðsett var í 88 húsinu og um launaútreikninga.

Starfsmenn

Í árgöngunum þremur voru 513 nemendur á aldrinum 14 til 16 ára og af þeim skráðu 394 sig í Vinnuskólann sem er um 77%. Skipting nemenda eftir árgöngum var þannig:

	Árgangur:	Skráðir:	%:
14 ára	154	130	84
15 ára	180	148	82
16 ára	179	116	65
Samtals:	513	394	77

Skráning nemenda í ár var mjög svipuð og árið áður.

Á þessu yfirliti sést að fæstir skila sér úr 16 ára árgangi og verður það að teljast eðlilegt, þar sem þau eiga meiri möguleika á vinnu á almennum vinnumarkaði en yngri unglingar.

Verkefni Vinnuskólans

Reynt er eftir bestu getu að hafa mikla fjölbreytni í verkefnum unglunganna, en slíkt ýtir undir vinnugleði. Flokkstjórinn er ávallt hjá sínum hóp og er hlutverk hans m.a. að kenna unglungunum rétt handtök við þau verk sem unnin eru hverju sinni. Mikilvægt er að flokkstjórinn sé jákvæður í garð starfsins og tali vel um það. Ef hann er aftur á móti neikvæður og lætur það í ljós er nær öruggt að unglingarnir eru sama sinnis. Reynt er eftir fremsta megni að dreifa hópunum í ýmis verkefni og einnig á milli hverfa, en þó er reynt að hafa hópana ekki mjög langt frá heimilum sínum.

Þetta er mjög jákvætt, því reynslan hefur sýnt að unglingarnir fá fljótt leið á að vera lengi í sama umhverfinu eða á sama staðnum.

Helstu verkefni Vinnuskólans eru:

**Hverfahreinsun
Beðahreinsun
Sláttur og rakstur
Tyrffing
Málningarvinna
og annað sem til fellur.**

Vinnutími

Starfstímabilið er þrjú mánuðir; júní, júlí og ágúst. Á þessu tímabili fengu unglingarnir 14 til 16 ára vinnu og laun sem hér segir:

Aldur:	Dagleg vinna mánud.-fimmtud.	Dagleg vinna föstudaga.	Vinnu- stundir	Vinnu- vikur*	Tíma- kaup
Fædd 1988	08.00-12.00 og 13.00 - 16.00	08.00 - 12.00	32	6	441
Fædd 1989	08.00 - 12.00 og 13.00 – 16.00	08.00 - 12.00	32	6	368
Fædd 1990	08.00 - 12.00	ekki unnið	16	4	319
Fædd 1991	sjá skýringar**				

* Vinnuvikum er skipt í tvö tímabil og fær hver nemandi vinnu á einu þeirra eins og sést betur á umsóknareyðublaðinu.

** 7. bekk er boðið upp á tveggja vikna tómstundanámskeið á vegum félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima og Vinnuskólans.

Vinnuvikunum er skipt í tvö tímabil og fékk hver unglingur vinnu á öðru þeirra.

Tímabil:	Vinna: (8. bekkur)		Óska-tímabil:	Til vara:
A	14. júní - 8. júlí		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
B	5. júlí - 29. júlí		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Tímabil:	Vinna: (9. bekkur)		Óska-tímabil:	Til vara:
A	10. júní - 23. júlí.		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
B	5. júlí - 13. ágúst		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Tímabil:	Vinna: (10. bekkur)		Óska-tímabil:	Til vara:
A	10. júní - 23. júlí		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
B	5. júlí - 13. ágúst		<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Námskeið

Samið var við Gáska-vinnuvernd um að halda námskeið fyrir flokkstjóra Vinnuskólans. Markmið fræðslunnar var að fræða leiðbeinendur um stoðkerfi barna og unglunga, fræða þá um mikilvægi þess að ná tökum á æskilegri líkamsbeitingu strax í upphafi þegar fyrstu skrefin eru tekin á vinnumarkaði. Leiðbeinendur geti miðlað af þekkingu sinni til nemenda sinna og leiðbeint með grunnþætti líkamsbeitingar.

Samið var við ÞEL-sálfræðipjónustu sem hélt námskeið fyrir flokkstjóra.

Á þessu námskeiði var megináhersla lögð á unglingsárin og helstu breytingar sem þeim fylgja. Fjallað var um félags- og líkamsþroska unglunga og þróun sjálfsmyndar. Rætt var um mikilvægi flokkstjóranna sem fyrirmýnda, um helstu hlutverk flokkstjórans og stjórnun vinnuhópa. Þá var rætt um hópefli og vandamál og deilur sem upp kunna að koma í starfi með unglingum og lausnir. Áhersla var lögð á fyrirbyggjandi starf m.a. fjallað um einelti, aga og vímuefnaneyslu.

Í lok námskeiðsins var farið yfir helstu mál sem snúa að vinnu við Vinnuskólann, m.a. mætingu, veikindi, leyfi, agamál, brottrekstur úr vinnu og samskipti á milli flokkstjóra og unglunga.

Samið var við Jafningjafræðslu Hins hússins sem hélt námskeið fyrir nemendur í 10. bekk.

Tækjakostur

Vinnuskólinn hafði til afnota eftirtaldar bifreiðar:

MMC L-300	árg.	1992
Mazda	árg.	1991
Nissan	árg.	1992
WW caddy	árg.	1999

Vinnuskólinn hefur undanfarin ár leigt húsnæði að Vesturbraut 8 fyrir geymslu á verkfærum, bifreiðum og fleira. Auk þess var húsnæðið notað fyrir skrifstofu Vinnuskólans áður en hún flutti í 88 húsið s.l. vor. Búið er að segja upp leigunni á húsnæðinu frá og með 1. febrúar n.k. og mun Vinnuskólinn áfram hafa aðstöðu fyrir skrifstofuhald í 88 húsinu auk þess sem vélasalur 88 hússins verður notaður til geymslu verkfæra o.fl.

Vinnuskólinn seldi s.l. haust tvær bifreiðar, þ.e. MMC –300 og Mazda, en báðar voru komnar vel til ára sinna. Þá tók Vinnuskólinn yfir rekstur á WW 8 manna bifreið sem Útídeild/Fjörheimar áttu. Sá bíll hefur verið notaður í vetur til aksturs í Frístundaskólanum. Það er nauðsynlegt fyrir Vinnuskólann að hafa eina bifreið sem tekur 8 farþega, m.a. til aksturs í Innri- Njarðvíkurhverfi, Hafnir og í verkefni fyrir Gróður fyrir fólk við Seltjörn.

Aðstaða skólans á sumrin hefur verið á þremur stöðum. Skúr við Valgeirsbakarí í Njarðvík, við Sundmiðstöðina í Keflavík og í 88 húsinu á Hafnargötu.

Sumardagur Vinnuskóla Reykjanesbæjar.

8. bekkur fór í Go-kart og Bláa lónið og heppnaðist sú ferð vel í alla staði. Nemendur jafnt sem flokkstjórar komu sáttir úr ferðinni

9. og 10. bekkur fór í hvalaskoðun með Moby Dick frá Keflavíkurhöfn. Að lokinni hvalaskoðun var boðið upp á pizzur og gos í 88 húsinu

Tómstundanámskeið

Í sumar eins og undanfarin ár stóð unglingum fæddum 1991 í 7. bekk til boða að sækja tveggja vikna tómstundanámskeið sem félagsmiðstöðin Fjörheimar skipulögðu og sáu um í samvinnu við Vinnuskólann.

Námskeiðin voru kynnt m.a. með því að senda heim til unglinganna bækling og einnig var haft samband símleiðis við þá unglinga sem ekki höfðu skráð sig.

Skólagarðar

Skólagarðar voru starfræktir eins og undanfarin ár við Baugholt í Keflavík. Ágæt þátttaka var hjá börnum 6-12 ára. Skólagarðarnir hófust í byrjun júní og þeim lauk með uppskeruhátíð um miðjan ágúst.

Katrín Guðjónsdóttir og Sigurbjörg Gunnarsdóttir voru umsjónarmenn skólagarðana og skýrsla þeirra fylgir hér með.

Smíðavöllur

Í sumar var gerður samningur við Skátafélagið Heiðabúa um að þeir tækju að sér rekstur og umsjón með smíðavelli fyrir Vinnuskólann, en rekstur þeirra árið áður tókst mjög vel. Smíðavöllurinn var starfræktur á malarvellingnum við Hringbraut. Skýrsla skátafélagsins Heiðabúa fylgir hér með.

Aðstoð við unglina

Í upphafi sumars var haldinn fundur með forsvarsmönnum Þroskahjálpar á Suðurnesjum varðandi aðstoð frá Vinnuskólanum í Dósaseli og að fatlaðir og þroskaheftir krakkar geti sótt Vinnuskólann og einnig leikjanámskeið íþróttafélaganna. Í sumar voru unglingar frá Vinnuskólanum til aðstoðar á íþrótt og leikjanámskeiðinu í Keflavík og hjá Knattspyrnuskóla UMFN.

Þjónusta við öryrkja og ellilífeyrisþega

Í sumar var öryrkjum og ellilífeyrisþegum boðið að fá garða sína slegna endurgjaldslaut eins og tíðkast hefur í áraraðir. Viðkomandi aðilar þurftu að óska eftir þessari þjónustu og voru hátt í 270 garðar slegnir að meðaltali þrisvar sinnum hver í sumar. Við þessi störf unnu 10 unglingar auk flokkstjóra. Almenn ánægja er með þessa þjónustu sem bæjarfélagið veitir.

Starfsnám í samvinnu við grunnskóla

Vinnuskólinn, Heiðarskóli og Njarðvíkurskóli hafa undanfarna vetur unnið sameiginlega að verkefni sem við köllum Færni og áhugamiðað nám. Þetta verkefni er fyrir nemendur sem eru við það að flosna úr skóla og er gert samkomulag á milli skóla, nemanda og foreldra um starfsnám. Hlutverk Vinnuskólans er að útvega nemandanum vinnustað sem tengist hans áhugasviði og greiða honum tímakaup fyrir hans vinnu þar. Um er að ræða vinnu í allt að 4 klukkustundir á viku samhliða námi. Í vetur eru þrír nemendur úr 9. og 10. bekk í slíku starfsnámi á jafnmörgum vinnustöðum.

Lokaorð

Í heild sinni má segja að starfsemi Vinnuskólans þetta árið hafi tekist vel. Undirbúningur fyrir næsta sumar er hafinn, en ljóst er að miðað við fjárhagsáætlun ársins 2005 þarf að gera breytingar á rekstri skólans.

Í drögum að breytingum sem lögð verða fyrir MÍT ráðið í mars er gert ráð fyrir að fækka vinnuvikum nemenda, aukin fræðsla og starfskynningar verða í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk og breytingar verða gerðar á vinnutímabilum.

Að lokum vil ég þakka, nemendum, leiðbeinendum og öllum örðum sem komu að rekstri Vinnuskólans 2004 fyrir vel unnin störf.

Ragnar Örn Pétursson

